

Starfsábyrgð vátryggingamiðlara

Staðlað upplýsingarblað um vátryggingu



Skilmáli SA-9

Vörður tryggingar

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavinum um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á vátryggingarskírteini tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á Mínum síðum Varðar. Skilmálar tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um vátryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt vátryggingarskírteini.

HVERNIG TRYGGING ER STARFSÁBYRGÐ VÁTRYGGINGAMIÐLARA?

Starfsábyrgðartryggingar hafa þann tilgang að bæta almennt fjártjón sem vátryggður kann að valda viðskiptavinum sínum við störf sín. Löggiltum vátryggingamiðlurum er skylt að kaupa og viðhalda starfsábyrgðartryggingu samkvæmt lögum um dreifingu vátrygginga.



HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN?

- ✓ Skaðabótaábyrgð sem fellur á vátryggðan, þegar þriðji maður verður fyrir almennu fjártjóni, sem talið verður til mistaka eða gáleysis vátryggðs eða starfsmanns hans.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN EKKI?

- ✗ Tjón sem rekja má til þess að vátryggður tekur á sig ábyrgð sem er víðtækari en almenn bótaskylda hans sem vátryggingamiðlara.
- ✗ Sektir eða önnur viðurlög sem falla á vátryggðan eða þriðja mann.
- ✗ Líkamstjón og skemmdir á munum.
- ✗ Starfsemi vátryggðs utan Evrópska efnahagssvæðisins eða bótaábyrgðar sem er ríkarí en eftir íslenskum reglum um skaðabótagrundvöll eða ákvörðun bótafjárhæðar.
- ✗ Ábyrgð vegna gjaldþrots vátryggingafélags.
- ✗ Hvers kyns starf vátryggðs sem umboðsmanns vátryggingafélags, eða samsteypu vátryggingafélaga, nema um annað sé samið.
- ✗ Heimild frá vátryggingafélagi til vátryggingartaka eða vátryggðs um að binda vátryggingaráhættur, nema um annað sé samið.

- ✗ Missi eða glötun hvers kyns gagna í tölvu- og upplýsingakerfum.
- ✗ Misbrest á því að vörslufé er ekki skilað eða váttryggður eða starfsmaður hans draga sé fé á ólögmetan og saknæman hátt.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



ERU EINHVERJAR TAKMARKANIR EÐA VARÚÐARREGLUR?

- Váttryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.



HVAR GILDIR TRYGGINGIN?

Váttryggingin gildir hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.



HVERJAR ERU SKYLDUR ÞESS TRYGGÐA?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun, breytingar á tryggingunni eða við tjónstilkynningu.
- Jafnskjótt og váttryggður fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð á hendur honum ber honum að tilkynna félaginu það skriflega.
- Verði breytingar á atvikum eða upplýsingum, sem félaginu hefur verið skýrt frá í váttryggingarbeiðni, eða á annan hátt, skal váttryggingartaki tilkynna félaginu um þær.



HVENÆR OG HVERNIG ER GREITT FYRIR TRYGGINGUNA?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



HVENÆR HEFST VÁTRYGGINGARVERNDIN OG HVENÆR LÝKUR HENNI?

Vátryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa. Vátryggingunni lýkur, ef vátryggður fullnægir ekki lengur lögmæltum skilyrðum um löggildingu vátryggingamiðlara eða starfsleyfi hans fellur niður.



HVERNIG ER TRYGGINGUNNI SAGT UPP?

Viðskiptavinir geta sagt tryggingunni upp hvenær sem er á vátryggingartímabilinu.